

**Ed.**

**724. Frumvarp til laga**

**[281. mál]**

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. marz.)

Samhljóða þskj. 566 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

35. gr. hljóðar svo:

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

- a. Ekkja eða ekill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 7 368.00 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.
- b. Ef ekkja eða ekill eru orðin 50 ára eða hafa tapað meiru en 50% af starfsorku sinni, er slysið ber að höndum, greiðist auk bóta samkvæmt a-lið lífeyrir til 67 ára aldurs, kr. 70 560.00 á ári miðað við 60 ára aldur eða 75% örorku. Lífeyrir lækkar um 5% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 60 ára aldur, og 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku. Lífeyrir samkvæmt þessum staflið fellur niður, ef bótaþegi gengur í hjónaband á ný.
- c. Barnalífeyrir, kr. 36 108.00 á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.
- d. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 92 088.00 og allt að kr. 276 263.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.
- e. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 92 088.00 og allt að kr. 276 263.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 128 924.00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 128 924.00, sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsg. 34. gr. vegna sama slyss.